

69. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í 7. kennslustofu 11. mars 1982, og hófst hann kl. 18.00.

Fundinn sóttu skólanefndarmennirnir Gunnar Sveinsson, formaður, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Hreinn Ásgrímsson, Sævar Guðbergsson og Áki Gränz frá Njarðvík, auk þeirra Jón Böðvarsson, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist:

1. Formaður skólanefndar vakti athygli á að þessi fundur væri hinn síðasti á kjörtímabilinu, og kosning nýrrar skólanefndar færi fram að loknum bæjarstjórnarkosningum einhvern tíma skömmu eftir 22. maí n.k. Þakkaði hann nefndarmönnum ágætt samstarf svo og skólameistara, aðstoðarskólameistara, og öðrum aðilum sem að rekstri skólans standa.

2. Framkvæmd var myndataka. Teknar voru nokkrar myndir af skólanefnd að starfi, og síðan var tekin mynd af skólanefndarmönnum ásamt skólameistara, aðstoðarskólameistara og áheyrnarfulltrúa kennara. Var sú mynd tekin á lestrarstofu. Heimir Stígsson, ljósmyndari tók myndirnar.

Ingvar Jóhannsson, skólanefndarmaður úr Njarðvík kom til myndatökunnar en hvarf að henni lokinni heim sökum þess að hann var sjúkur, og kom aðeins samkvæmt sérstakri beiðni formanns skólanefndar til þess að unnt yrði að taka mynd af fullskipaðri skólanefnd.

3. Skólaslit. Áformað hafði verið að slíta skólanum laugardaginn 22. maí, en vegna bæjarstjórnarkosninga þann dag og beinnar útsendingar í sjónvarpi frá enskum knattspyrnuleik var talið heppilegt að hafa skólaslitin á öðrum tíma, og sunnudagurinn 23. maí ákveðinn sem skólaslitadagur. Áformað er að slitin fari fram í Keflavíkarkirkju kl. 16.00 þann dag. Rætt var um að fara þess á leit við Jón Ólafsson, sveitarstjóra í Sandgerði, sem nú er formaður S.S.S. að hann verði ræðumaður við skólaslitin af þeirra hálfu. Skólameistara og aðstoðarskólameistara var falið að velja kennara til þess að stjórna athöfninni eins og tíðkast hefur. Tónflutningur verði að þessu sinni frá Tónlistarskólanum í Keflavík, og var aðstoðarskólameistara falið að annast undirbúning þess þáttar í skólaslitaathöfninni. Skólameistari tilkynnti að Guðni Kjartansson og Sturlaugur Björnsson yrðu eins konar framkvæmdastjórar athafnarinnar að þessu sinni.

4. Skólameistari lýsti því að í sumar yrðu verklegar framkvæmdir á vegum skólans í lágmarki. Sökum fjárskorts taldi hann eðlilegt að væntanleg skólanefnd fjallaði um þær framkvæmdir sem yrðu, en óhjákvæmilegt yrði að nokkrar framkvæmdir yrðu vegna rafiðnabrautar í verknámshúsinu, og lokið yrði við breytingar á fyrstu hæð. Ennfremur taldi skólameistari æskilegt að mála skólastofur á fyrstu hæð, og koma upp léttum skilrúmum í verknámshúsinu að lðavöllum. Nokkuð var rætt um aðgerðir á lóð skólans, og ítrekuð var sú afstaða skólanefndarinnar að hönnunarframkvæmdir yrðu í samráði við skólanefnd Grunnskólans í Keflavík, en upplýst var á fundinum að ekki yrði af Gagnfræðaskólans hálfu framkvæmdir sunnan íþróttahússins á þessu sumri.
5. Formaður óskaði upplýsinga um fjárhagsstöðu skólans. Reikningshaldari lýsti því yfir að sveitarfélögin hafi greitt sín framlög til aprílloka, og hefði hann mætt vinsamlegu viðmóti í innheimtuferðum sínum, og vænti hann þess að greiðslur yrðu með eðlilegu móti. Ríkissjóður hafi greitt stofnfjárframlag sitt að mestu fyrir árið allt, en af rekstrarfé fyrir 4 fyrstu mánuðina. Valtýr sagði að nokkuð væri um ógreidda smáreikninga sem ætti að vera unnt að greiða upp eftir máímánuð.
6. Tilkynningar frá skólameistara.
 - a) Auglýsingar um lausar kennarastöður við skólann birtust í Reykjavíkurblöðum dagana 7. og 8. maí s.l., og er umsóknarfrestur um kennarastöðurnar til 2. júní n.k.
 - b) Skólanum hafa borist boðskort frá tveim skólum vegna tímamóta í þeirra sögu. Í fyrsta lagi frá Flensborgarskóla, en sá skóli verður 100 ára í vor. Verður þeirra tímamóta minnst með sérstakri skólaslitaathöfn, og auk þess með hátíðarguðþjónustu í Garðakirkju. Skólaslitin verða á uppstigningardag, fimmtudaginn 20. maí, en guðþjónustan í Garðakirkju sunnudaginn 23. maí. Skólanefndin samþykkti að Fjölbrautaskóli Suðurnesja gæfi - ásamt Fjölbrautaskólanum á Akranesi og e.t.v. þriðja aðila - Flensborgarskóla veglegan fundarhamar líkan þeim sem Menntaskólanum á Akureyri var gefinn á 100 ára afmæli þess skóla fyrir tveim árum.

Í öðru lagi hefur borist boðskort frá Fjölbrautaskólanum á Sauðárkróki, en sá skóli brautskráir nú stúdentu í fyrsta sinn. Sá skóli má með nokkrum rétti kallast afkvæmi Fjölbrautaskóla Suðurnesja sökum þess að allir stjórnendur þess skóla eru fyrrverandi kennarar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Skólameistari skýrði frá að samkomulag hefði orðið með honum og skólameistarann á Akranesi, Ólafi Ásgeirssyni um að Ólafur sækti skólaslitin í Flensborgarskóla, og talaði fyrir hönd allra skóla sem starfa eftir Námsvísi fjölbrautaskóla, en Ólafur er gamall Flensborgarnemandi, en að Jón Böðvarsson færi til Sauðárkróks sem fulltrúi sömu skóla og flytti skólanum þar norður frá árnaðaróskir.

- c) Í lok aprílmánaðar fluttu nemendur skólans Laxnesskynningu. Var hún flutt tvívegis í fyrri skiptið í skólanum sjálfum, og í síðara skiptið í samkomuhúsinu í Garði og voru þá boðnir aldrei Suðurnesjamenn. Sævar Helgason, leikstjóri, og Bergljót Kristjánsdóttir, íslenskukennari, undirbjuggu dagskrána og lögðu mikla vinnu í leiðbeiningarstörf, enda vakti kynningin verulega athygli, tókst mjög vel og var skólanum til söma.

Kynning þessi er að nokkru kostuð af nemendaráði F.S. en von er á nokkrum styrk frá Bandalagi íslenskra leikfélaga með haustinu.

Skólameistari lagði til að greiða Sævari Helgasyni alls kr. 5.000 og Bergljótu alls kr. 2.500, en sú upphæð fengist að nokkru frá nemendafélaginu. Var tillaga þessi samþykkt einróma.

- d) Skólaárið 1980 til 1981 var reynt að stofna kór innan skólans, en tilraunin heppnaðist ekki. Síðast liðinn vetur var engin tilraun gerð til þess að halda uppi kórstarfi. Skólameistari upplýsti að til hans hefði komið Eyjólfur Ólafsson sem er skólastjóri Tónlistarskólans í Grindavík, og hefur lært kórstjórn og raddþjálfun. Eyjólfur hefur boðist til að taka að sér stjórn og þjálfun slíks kórs í hálfu starfi. Nokkrar umræður urðu um málið og samþykkt að fara þess á leit að menntamálaráðuneytið auglýsi hálf starfsöngkennara, og ræða málið frekar við Eyjólf.

- e) Skólameistari vakti athygli á að í vor brautskrást fyrstu nemar í meistaranámi, og að dómi kennara eru þeir mjög vel hæfir. Að þessu sinni eru það trésmiðir og múrarakar sem tóku þátt í meistaranámskeiðinu. Rætt var um hvort Iðnaðarmannasamtökin hafi áhuga á að ávarpa hina brautskráðu meistara við skólaslitaathöfnina sunnudaginn 23. maí. Var Sturlaugi Ólafssyni falið að hafa samband við stjórn Iðnaðarmannasamtakanna vegna þessa máls.
- f) Skólameistari lagði til að skrifstofa skólans yrði lokuð 11. júní til 9. ágúst í sumar, og var sú tillaga samþykkt.
- g) Gunnar Bergmann hefur verið bókavörður skólans um eins árs skeið og reynst mjög vel í starfi, - útsjónarsamur og hygginn í bókakaupum. Skólameistari lagði til að áhersla yrði lögð á að hann yrði ráðinn áfram með svipuðum hætti og á síðast liðnu starfsári. Samþykkt var einróma að mæla með því.

7. Önnur mál.

Skólameistari flutti eftirfarandi kveðjuorð.

"Nú er sú stund upp runnin að tímabil skólanefndarinnar er liðið. Ég kveð nefndina með eftirsjá. Samstarfið hefur verið afar gott, og einstaklega ánægjulegt. Ég efast um að aðrar skólanefndir hafi starfað jafn farsællega sem þessi. Fá ágreiningsatriði hafa upp komið, og þau hafa öll verið farsællega leyst á þeim fundum sem þau hafa fram komið. Flestir nefndarmenn hafa setið í nefndinni lengur en þetta kjörtímabil. Meiri hluti nefndarmanna var einnig í undirbúningsnefnd að stofnun Fjölbrautaskólans. Ég vona að sem flestir verði endurkjörnir í þá skólanefnd sem við tekur að loknum sveitarstjórnarkosningum. Sérstaklega vil ég þakka Gunnari Sveinssyni, formanni nefndarinnar fyrir einstaklega farsæl störf, og mikinn dugnað. Ég þakka honum og nefndinni allri fyrir mikinn og eindreginn stuðning við mig í starfi."

Formaður endurtók síðan þakkir til skólameistara og þakkaði öðrum nefndarmönnum samstarfið, og sagði síðan fundi slitið.